

ALGENGAR SPURNINGAR

1) Hvernig virka IceWave plástrarnir fyrst ekkert efni fer inn í líkamann? Í plástrunum eru engin efni sem fara inn í húðina. Þeir byggja á nýrri tækni þar sem nálastungupunktur eru örvaðir mjúklega til að bæta orkuflæði líkamans til að draga úr minniháttar verkjum og sársauka. Þeir innihalda hvorki viðbótarefni, örvandi efni né nálar.

2) Af hverju finnst mér ekkert hafa dregið úr sársauka?

Algengasta ástæðan er rakaþurrð. Drekkjið eitt eða tvö vatnsglös og bíðið í 20-30 mínútur áður en plástrarnir eru settir á húðina. Önnur algeng ástæða er að plástrarnir hafa ekki verið settir á rétta punkta á líkamanum. Notkun IceWave plástranna til að draga úr sársauka þarfnast nokkurrar æfingar og því skal fylgja *klukkutækni* leiðbeiningunum. Ef þeim hefur verið fylgt og ekki hefur dregið úr sársauka skal prófað að setja plástrana á iljarnar (Nýra 1).

3) Hvenær á að nota hvítan plástur á sársaukablett í stað húðlita plástursins?

Aðeins skal setja HVÍTA plásturinn á sársaukablett EFTIR að reynt hefur verið að setja HÚÐLITA plásturinn á hann með *klukkutækni*. Þá má fylgja *klukkutækni* leiðbeiningunum og nota HVÍTAN plástur á sársaukablettinn í stað HÚÐLITA plástursins.

4) Hvernig á að nota plástrana gegn verkjum um allan líkamann?

Setjið HVÍTA plásturinn á hægri ilina og HÚÐLITA plásturinn á vinstri ilina (Nýra 1).

5) Hve marga plástra má nota til að vinna gegn sársauka?

Nota má allt að tvö plástrasett í einu. Setjið annað settið á iljarnar - Nýra 1 (HVÍTAN plástur á HÆGRI il, HÚÐLITAN plástur á VINSTRI il) og hitt settið á olnbogana - Hjarta 3 (HVÍTAN á HÆGRI, HÚÐLITAN á VINSTRI).

6) Hversu öruggir eru plástrarnir í notkun?

Nálastunguaðferðum hefur verið beitt í þúsundir ára gegn sársauka og til að bæta lífsgæði fólks. Viðamiklar prófanir hafa sýnt að vörurnar eru öruggar í notkun. Ef ógleði verður vart meðan á notkun stendur skal fjarlægja plástrana og drekka nóg af vatni.

7) Hafa plástrarnir verið prófaðir af óháðum aðilum?

Já, lækni- og fræðilegar rannsóknir með innrauðum myndatökum staðfesta umtalsverða og hraða minnkun sársauka með IceWave. Skoðið www.lifewave.com til að afla frekari upplýsinga.

8) Hversu lengi má vera með plástrana?

Mælt er með að plástrarnir séu ekki notaðir lengur en í 12 tíma á dag. Endurnýtið ekki plástrana.

ALGENGAR SPURNINGAR, frh.

9) Má hver sem er nota IceWave? Sé um heilsubrest er að ræða og/eða einhvern vafa skal hafa samráð við lækni áður en notkun orkuplástursins hefst. Hvorki skal nota plástrana á meðgöngu né samhliða brjóstgjöf.

10) Hvar á að setja plástrana til að vinna gegn verkjum í hné? Setjið HÚÐLITA plásturinn á innanvert hnéð og HVÍTA plásturinn á utanvert hnéð.



VITNISBURÐUR

„Ég hef þjóst af verk í hægri fæti í meira en 18 mánuði. Ég leitaði til þriggja lækna en án árangurs. Innan 30 sekúndna var verkurinn í fætinum horfinn! VÁ, þetta virkar!“ - **Andy F.**

„Mér hafði verið illt í neðanverðu bakinu í fimm ár og verkirnir hurtu á 30 sekúndum þegar ég hafði límt IceWave við skyrtuna. Þetta er sannarlega stórmerkilegt!“

- **Tony D, Suður-Karólínu**

„Ég hef tekið 15 sterkar verkjatöflur á dag í 5 ár vegna verkja í vinstri mjaðmabeinum. Ég hef nú endurheimt líf mitt og það er IceWave að þakka. Ég læt sársauka aldrei frammar stjórna lífi mínu. Ég hef nú farið út að hjóla en ég hafði ekki getað það árum saman. Svo þreif ég húsið veggjanna á milli. Ég ætla að segja öllum sem vilja hlusta frá þessu fyrirtæki og frá IceWave.“ - **Dave S.**



„Fyrir 4 árum varð ég fyrir bil þar sem ég eldist við grunaðan glæpamann og eyðilagði hægri hnéð. Innan 60 sekúndna eftir að hafa sett IceWave plástra á hnéð hvarf sársaukinn. Mér fyndist ég beita fólk óréttlæti ef ég segði ekki öllum sem ég þekki frá Life Wave.“

- **Keith C., lögreglumaður á eftirlaunum**

VITNISBURÐUR, frh.

„Bakverkir voru búnir að þjaka mig svo lengi að ég var tilbúinn til að reyna hvað sem var. Sársaukastigið var 9-10 á skalanum 1-10. Ég ætlaði ekki að trúa því en bakverkurinn hvarf á 22 sekúndum.“ - **Ethel S.**

„Ég varð fyrir bil þar sem ég fór yfir götu í Greensboro í Norður-Karólínu fyrir 16 árum og var upp frá því með stöðuga verki í mjóðmum. Ég prófaði mismunandi aðferðir á verkina en ekkert hafði tilætluð áhrif. Síðan kynnti góður vinur minn fyrir mér IceWave plástrana og innan 4 mínútna varð ég verkjalaus.“

- **Tina C.**



„Ég átti að taka þátt í góðgerðargolfmóti NFL en við æfingar fyrir mótið tognaði vöðvi í rifjunum og ég fékk bakkrampa svo ég náði ekki andanum. Ég var viss um að ég gæti ekki tekið þátt í móttinu úr því sem komið var, hvað þá komist aftur á fætur. Ég setti hvítan plástur á bringubeinið og tvo við vinstri rifbeinin og lagðist í 4 mínútur.“

Sársaukinn minnkaði þegar í stað svo um munaði og innan 20 mínútna hafði ég endurheimt fulla hreyfigetu svo ég gat farið á golfmótið. Það besta var ekki aðeins að ég lék algjörlega verkjalaus, heldur sigraði ég einnig á lengstu holunni!! Ef ég hefði ekki haft plástrana er alveg á hreinu að ég hefði ekki getað keppt. Vanalega hefði tekið mig tvær vikur að jafna mig á þessum meiðslum. VÁ!!! Takk fyrir, LifeWave!!!!!!“ - **Joe P., fyrrverandi NFL leikmaður**

„Ég lá í rúminu með þúða undir hnjúnum vegna slæmra bakverkja. Gregory sonur minn setti á mig þessa plástra og á örskotsstundu var ég komin á fætur. Segið hverjum sem er að hringja í mig. Ég mun segja þeim að plástrarnir virka.“

- **Fr. Hinton G., Norður-Karólínu**

„Bakverkirnir voru 5 á skalanum 1 til 10 og á 20 sekúndum hvarf sársaukinn. Ég var einnig með verk í hægri hendi. Eftir að hafa sett IceWave þar á hvarf sársaukurinn einnig á innan við 30 sekúndum. Þetta er ótrúlegt.“ - **John G., Suður-Karólínu**

Til að afla frekari upplýsinga um LifeWave hafið samband við:
Hróar Björnsson s: 820-0070
Netfang: lifewaveplastur@gmail.com
Íslensk Heimasiða: www.lifewaveplastur.com

LIFEWAVE®



icewave®

For the mild and temporary stimulation of Acupuncture points

NEW PAIN RELIEF TECHNOLOGY

KYNNING Á ICE WAVE

Ímyndaðu þér hraðvirka og lyfjalausa lausn gegn sársauka. Ímyndaðu þér að þú hafir hana í hendi þér með LifeWave.

Einstakt plástrakerfi sem vinnur ofan frá húðinni beittir nýrri tækni til að örva mjúklega nálastungupunkta og bæta orkuflæði líkamans til að vinna gegn sársauka og óþægindum á örfáum mínútum.



NÝ VERKJAEYÐANDI TÆKNI

Við höfum öll vanist því að þurfa að taka inn efni (eins og vítamín) til að bæta heilsuna. Þótt víðeigandi næring, vatnsneysla og hreyfing séu nauðsynlegur þáttur í heilbrigðum lífsstíl þarf líkaminn einnig samfellt orkuflæði. Til dæmis senda heilinn og taugarnar rafboð til vöðvanna svo að þeir noti efnafræðilegan orkuforða og dragist saman.

Það hefur verið vitað í þúsundir ára að sérstök ljóstíðni getur valdið ákveðnum breytingum í mannlíkamanum. Þegar við förum út í sólina veldur sérstök ljóstíðni því að líkaminn framleiðir D-vítamín. Önnur ljóstíðni (útfjólublá) veldur því að líkaminn framleiðir melanín, efnið sem gerir okkur sólbrún.

IceWave plástrarnir nýta þessa þekkingu til að örva nálastungupunkta líkamans til að bæta orkuflæði hans og mynda lyfjalausa lausn undan verkjum innan örfárra mínútna frá því að notkun hefst.

ICE WAVE LEIÐBEININGAR

Klukkutæknin við að staðsetja IceWave plástrana á líkamanum var þróuð í þeim tilgangi að gera eyðingu verkja sem allra hraðasta og áhrifaríkasta.

Byrjið á að staðsetja það svæði þar sem verkir eru mestir. Vinnið ykkur í gegnum þrepin hér að neðan þar til hreyfing verður auðveldari. Ef þið finnið til um allan líkamann skal nota Nýra 1 ásetningu plástranna.

ÞREP
1



Setjið HÚÐLITAN IceWave plástur beint á þann punkt þar sem verkir eru mestir.

ÞREP
2



Færið HVÍTA plásturinn OFAN við verkinn. Ef verkirnir hafa ekki minnkað eftir 10 sekúndur skal farið á næsta þrep.

ÞREP
3



Færið HVÍTA plásturinn í stöðuna kl. 3. Ef verkirnir hafa ekki minnkað eftir 10 sekúndur skal farið á næsta þrep.



ÞREP
4

Færið síðan HVÍTA plásturinn í stöðuna kl. 6. Ef ekki hefur dregið úr sársauka innan 10 sekúndna skal farið á næsta þrep.



ÞREP
5

Næst skal færa HVÍTA plásturinn í stöðuna kl. 9. Ef ekki hefur dregið úr sársauka innan 10 sekúndna skal farið á næsta þrep.



ÞREP
6

Að lokum skal færa HVÍTA plásturinn samhliða HÚÐLITA plástrinum. Ef ekki hefur dregið úr verknum innan 10 sekúndna skal fylgja leiðbeiningum hér að neðan.

KIDNEY 1



HEART 3



Sársauki um allan líkamann - setjið HVÍTAN plástur á hægri ilina og HÚÐLITAN plástur á vinstri ilina (Nýra 1). Setja má annað plástrasett á olbogana á Hjarta 3.


HVAÐ ER NÁLASTUNGUAFERÐIN?

Nálastunga er ein gerð austrænna lækninga sem byggist á fornum kínverskum og japönskum lækningum. Nálastungulæknir örvar gjarnan nálastungupunkta líkamans með nálum eða þrýstingi til að bæta svefn, draga úr sársauka og óþægindum og stuðla að bættri heilsu.

Sjálflimandi IceWave plástrarnir nýta lögmál austrænna lækninga án nála til að örva mjúklega punkta á líkamanum sem notaðir hafa verið í þúsundir ára til að koma á jafnvægi og bæta orkuflæði líkamans. Náttúruleg leið til að bæta lífsgæðin og ná árangri án þess að nokkur lyf, örvandi efni né nálar komi nálægt líkamanum.

ICEWAVE® NÆR ÁRANGRI

Ljósmyndirnar hér að neðan eru úr læknisfræðirannsókn sem gerðar voru á IceWave. Flestir sem nota IceWave og fara eftir *klukkutækninni* ná fram árangri strax á fyrstu mínútum notkunar.



„Rannsóknir á innrauðum hitamyndum sýna á greinilegan hátt að IceWave plástrarnir hafa samstundis og staðbundin hitaáhrif á húðina.“

- Dr. Dean Clark, læknir, D.C.